

Ed.

101. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur fengið þær upplýsingar frá dómsmálaráðherra, að breyting sú á lögum nr. 23 16. júní 1941, sem gefin er út með bráðabirgðalögum 11. júní 1942, hafi verið nauðsynleg vegna hörguls á bifreiðastjórum, einkum til mjólkurflutninga, enda gefin út í samráði við vegamálastjóra. Staðfesti vegamálastjóri, að slík nauðsyn hefði verið fyrir hendi, auk þess, sem fjöldi beiðna hefði jafnan komið fram um það að leyfa 17 ára unglíngum ökuréttindi.

Með tilliti til þeirra staðreynda, að ávallt þrengist um innflutning á bifreiðum til landsins, en jafnframt fjölgar stöðugt umsóknum frá bifreiðastjórum um kaup á nýjum bifreiðum, einmitt til þess að koma í veg fyrir það, að atvinna þeirra sé skert, lítur nefndin svo á, að mjög bráðlega muni mega bæta úr þeim erfiðleikum, sem flutningar kunna að hafa orðið fyrir af þeim ástæðum, og telur því ekki nauðsyn á, að lækkun á aldurstakmarki bifreiðastjóra þurfi af þeim ástæðum að gilda lengur en til næstu áramóta.

Nefndin lítur einnig svo á, að ekki beri að draga úr kröfum, sem lög nr. 23 16. júní 1941 gera til ökuréttinda, nema síður sé, og vill ekki fallast á, að látið sé undan beiðni manna í því efni, og allra sízt á meðan vegir landsins eru ofhlaðnir erlendum farartækjum vegna hernámsins.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. bætist: og gilda til ársloka 1942. Þó skulu þeir, sem fengið hafa öku-
leyfi samkvæmt þessum lögum, halda þeim, þótt þeir hafi þá ekki náð aldri þeim,
sem áskilinn er í 20. og 21. gr. bifreiðalaganna.

Alþingi, 21. ágúst 1942.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Eiríkur Einarsson,
fundaskr.

Einar Árnason.